



Stjórnarfundur AKÍS -

Staður og tími: Google Hangouts - 14.8.2018 kl. 18:00

Mætt:

Aðalbjörg Ósk Sigmundsdóttir (AÓS), Jón Bjarni Jónsson (JBJ), Torfi Arnarson (TA), Sigurður Gunnar Sigurðsson (SGS), Stefán Örn Steinþórsson (SÖS), Tryggvi Magnús Þórðarson (TMB), Þrándur Arnþórsson (ÞA)

Fjarverandi:

Arnar Már Pálmarsson (AMP), Ragnar Róbertsson (RR), Helga Katrín Stefánsdóttir (HKS), Garðar Gunnarsson (GG)

ÞA ritaði fundargerð.

1. Svar til Magnúsar Ástráðssonar formanns Start

Samþykkt að áframsenda bréf frá Gísla G. til keppnisstjóra og dómnefndar og fá svör við spurningum sem hann veltir upp.

2. Íslandsmót í kvartmílu

Samþykkt beiðni Kvartmíluklúbbsins um að setja á dagskrá eitt Íslandsmót til viðbótar í kvartmílu á árinu 2018. Þetta verði eingöngu fyrir tvo ofurflokka OF og TS.

3. Skráningar keppenda í félag

Svo virðist sem í nokkrum tilvikum hafi ekki tekist að skrá keppenda í félag það sem viðkomandi hélt sig vera í. Ekki er alveg búið að skoða allar athugasemdir í þaula, en þegar það er komið mun það lagt fyrir stjórn til frekari ákvörðunar.

4. Dómnefnd Ljómaralls BS 2018

Dómnefndarmaður í Ljómarally 2018 varð að segja sig frá dómnefnd vegna ákvæða um hagsmunatengsl. Dómnefnd hefur beint þeirri spurningu til stjórnar AKÍS hvernig beri að skipa nýjan dómnefndarmann.

Rétt þykir að benda á að grein 11.9 í FIA International Sporting Code (ISC) fjallar um valdsvið dómnefnda. Þar segir í lið 11.9.3.n að dómnefnd:

may appoint one, or, if necessary, several substitutes in the event of the absence of one or several of the stewards, especially when the presence of three stewards is indispensable;

(ísl: má skipa einn, eða ef nauðsyn krefur fleiri dómnefndarmenn í fjarveru eins eða fleiri dómnefndarmanna og þar sem nauðsyn er á þremur dómnefndarmönnum;)



5. Önnur mál

Stjórnarfundir AKÍŠ í september verða þann 11. og 25.

6. Næsti fundur

Hangouts 28. ágúst 2018 kl. 18:00